



Grundarfjarðarbær

Gjaldskrá fyrir garðslátt

Gildir sumarið 2025

1. gr.

Gjald.

Hver sláttur kostar 6.123 kr.

2. gr.

Réttur til garðsláttar

Miðað er við að slegnir séu garðar fyrir þá sem ekki geta séð um það sjálfir. Garðsláttur á vegum sveitarfélagsins tekur við þar sem getu umsækjanda og annarra heimilismanna sleppir. Heimilt er að óska eftir læknisvottorði. Alla jafna er boðið upp á garðslátt þar sem allir fullorðnir heimilismenn eru öryrkjar eða ellilífeyrisþegar, en annars ekki. Réttur til garðsláttar miðast við garða þeirra húsa þar sem umsækjandi hefur fasta búsetu.

3. gr.

Fjöleignarhús.

Þar sem um er að ræða slátt á sameign er tekið tillit til fjölda íbúða sem að garðinum standa og tíðni slátta miðuð við hann.

4. gr.

Fjöldi slátta.

Garðar umsækjanda eru slegnir eftir þörfum yfir sumarið að mati verkstjóra áhaldahúss.

4. gr.

Umsjón.

Sláttur er í umsjón Áhaldahúss Grundarfjarðar.

5. gr.

Umsóknir og reikningar.

Umsóknir um garðslátt skulu berast bæjarskrifstofunni á eyðublöðum sem fást þar eða á heimasíðu bæjarins. Reikningar eru sendir út í lok sumars.

6. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar 12. desember 2024 og gildir fyrir sumarið 2025.

Grundarfirði, 12. desember 2024

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri